

**Sp. 232. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]**

um auðlindaleit í landgrunni Íslands.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf og reglur um samstarf við erlenda aðila til leitar að nýtanlegum auðlindum í landgrunni Íslands. Verði þar m.a. fjallað um réttindi og skyldur leitaraðila, heimildir til nýtingar rannsóknaniðurstaðna, öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun hafsins vegna auðlindarannsókna og önnur þau atriði sem máli skipta í þessu efni.

**Greinargerð.**

Í lögnum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er svo fyrir mælt í 6. gr. að fullveldisréttur Íslands náí til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins. Þessi fullveldisréttur tekur til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru. Jafnframt er sagt að stjórnvöld skuli setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnins.

Þótt sjö ár séu nú liðin frá því þessi merku lög voru sett hafa enn ekki verið settar reglur eða sérstök lagaákvæði um rannsóknir á auðlindum landgrunnins eða hagnýtingu þeirra.

Að dómi flutningsmanna er tímabært að það verði gert sem fyrst. Ástæður þess eru m.a. þær að í ljós hefur komið að helsti þrándur í götu þess að erlend félög hafi áhuga á að leita að olíu og gasi í landgrunni Íslands er sá að reglur skortir um heimildir og réttindi þeirra, og þá ekki síst heimild til þess að nýta rannsóknaniðurstöður nokkra hrið eftir að rannsóknum lýkur og afla þannig tekna til þess að fjármagna auðlindaleitina. Hefur þetta komið ljóslega fram í svörum erlendra olíuleitarfélaga við fyrirspurnum íslenskra yfirvalda og hafsbotnsnefndar iðnaðarráðuneytisins um samvinnu við slíka leit. Þannig lét bandaríska félagið Western Geophysical þess getið, í bréfi til Orkustofnunar snemma árs 1986, að skortur á ákvæðum í þessum eignum væri helsta hindrun þess að það og önnur leitarfélög hefðu áhuga á að leggja út í auðlindakönnun hér við land á sinn kostnað. Það félag annaðist könnun á landgrunninu fyrir Norðurlandi að beiðni íslenskra yfirvalda árið 1978, svo sem kunnugt er.

Þetta sama sjónarmið hefur komið fram í erindum norska félagsins GECO, en það annast olíuleit fyrir olíuvinnslufélög víða um heim.

Fyrir liggur það álit hafsbotnsnefndarinnar að eitt brýnasta verkefnið varðandi rannsóknir og könnun á auðlindum landgrunnins í samvinnu við erlenda aðila sé að slíkar reglur verði settar sem um er rætt í þessari þingsályktunartillögu, en hér er jafnan við það miðað að kostnaður við leitina sé aðallega borinn af hinum erlendu aðilum. Slíkar rannsóknir eru allfjármagnsfrekar og því er það augljóst hagsmunamál að svo verði í haginn búið í þessum eignum að skortur á lögum og reglum verði ekki rannsóknarsamvinnu við erlenda aðila til hindrunar.